



Félag grunnskólakennara
Borgartún 30 • IS-105 Reykjavík • Sími 595 1111 •
fg@ki.is • www.ki.is

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. maí 2021
2105006FG KÓP

Efni: Umsögn Félags grunnskólakennara um frumvarp til breytinga á ýmsum lögum á sviði MRN (öflun sakavottorðs). 715. mál.

Eins og segir í frumvarpinu er það liður í að auka öryggi viðkvæmra hópa í skóla-, íþrótta- og æskulýðsstörfum, þá helst barna og ungmenna. Með frumvarpinu er verið að samræma lagaákvæði um ráðningarbann á sviði mennta- og menningarmálaráðuneytis. Kveðið er á um bann við ráðningu starfsfólks sem hlotið hefur refsisdóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Þá kemur inn það nýmæli að hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, meðal annars að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins.

Félag Grunnskólakennara tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í umræddu frumvarpi að hafa skal hagsmuni barna að leiðarljósi. Það má hinsvegar ekki gerast á kostnað starfsmanna grunnskóla og að vegið sé að atvinnuöryggi þeirra. Í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins kemur fram að hafi „... umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins.“ Hér er ekki skilgreint hver það er sem tekur þessa ákvörðun, þá er ekki nein viðmið um það hvað geti leitt til höfnunar vinnu. Þá virðist þetta vera ákvörðun sem er tekin í ákveðnu tómarúmi án samráðs eða að starfsmanni sé gefinn kostur á að nýta réttindi sín samkvæmt lögum. Þetta m.a. býður upp á að starfsmaður sem er hæfastur teljist ekki hæfur af því að óskilgreint viðmið leiði til þess að hann sé óæskilegur vegna fortíðar sinnar. FG getur ekki samþykkt jafnvíðtækt valdaframsal og þarna kemur fram og þá stenst það ekki 75. gr. Stjórnarskrárinnar þar sem skerðing á atvinnuréttindum þarf að vera skýrt ákveðin í lögum sem er ekki staðan hér.

Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsdraganna er fjallað um heimild skólastjóra til að leita eftir sakavottorði einu sinni á ári. Honum er svo veitt heimild til „... að afla þessara upplýsinga oftast ef fram koma upplýsingar sem gefa tilefni til þess.“ Þessi heimild er algerlega opin og háð geðþótta viðkomandi skólastjóra því starfsmaður getur ekki veitt sér neinar varnir. Þá er ekki ljóst hvort starfsmanni verði yfirhöfðu sagt frá að verið sé að njósna um hann með þessum hætti. Þá liggur ekki fyrir hvað á að gera með þær upplýsingar sem fram koma á sakavottorði, á regla 1. mgr. Um ráðningarbann að gilda? Er þá hægt að reka starfsmann án nokkurs rökstuðnings annars en að skólastjóra finnist hann ekki eiga heima þarna af því að honum finnist brotið ekki samrýmast starfsmanni grunnskóla? Hér er kominn mjög matskennd regla þar sem niðurstaða í hverju máli ræðst af mati hvers skólastjóra fyrir sig. Slíkur mælikvarði er ekki tækur og fer gegn 75. gr. Stjórnarskrárinnar.

Það sem hér hefur komið fram varðandi 2. gr. frumvarpsins á að breyttum breytanda einnig við um 7. gr. frumvarpsins.



Félag grunnskólakennara
Borgartún 30 • IS-105 Reykjavík • Sími 595 1111 •
fg@ki.is • www.ki.is

Hér er vegið að atvinnufrelsi og slíkar takmarkanir skulu ávallt gæta meðalhófs og ekki ganga lengra en nauðsynlegt er. Þá skal alltaf setja um slíkar takmarkanir skýrar lagareglur. Reglur sem eru óljósar, opnar og matskenndar, eins og raunin er í þessu frumvarpi, fara gegn þessum reglum. Er því nauðsynlegt að vinna þetta frumvarp betur ef það á að geta orðið að lögum og er FG tilbúið að veita sýna aðstoð við það verkefni.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags grunnskólakennara

Karl Óttar Pétursson
Lögmaður Félags grunnskólakennara



Reykjavík, 27. apríl 2021

Skrifstofa Alþingis – nefndasvið

b.t. allsherjar- og menntamálanefndar

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á málefnasviði MRN (öflun sakavottorða), mál nr. 715.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingi, dags. 15. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum á málefnasviði mennta- og menningarmálaráðherra (öflun sakavottorðs), mál nr. 715.

Um ráðningu kennara og skólastjórnenda gildir 12. gr. laga nr. 95/2019. Þar er kveðið á um þrenn skilyrði þess að af ráðningu verði. Viðkomandi þarf að hafa leyfi til að nota starfsheitið kennari, hafa til að bera þá hæfni sem til starfsins er krafist og hafa ekki hlotið refsídóm vegna ákvæða XXII. kafla almennra hegningarlaga. Ennfremur er veitt heimild um öflunar upplýsinga um hið síðastnefnda úr sakaskrá að veittri fræðslu til umsækjandans.

Í því frumvarpi sem nú er til meðferðar og byggt er á tillögum rekstraraðila grunn- og leikskóla er í greinum 1.a., 2.a., 3.a., 4.a., 5.a., 6.a., 7.1., 8.a., 9.a. og 10.a lagt til að inn komi heimild til þess sem fer með ráðningarvald (eða hefur umboð til þess) að kalla eftir sakaskrá starfsmanns árlega eða oftár og leggja í kjölfarið mat á það hvort það sem þar kemur fram hafi áhrif á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir.

Er þessi breyting rökstudd með því að með þessum hætti sé betur gætt öryggis viðkvæmra hópa, þ.e. barna og ungmenna.

Í greinargerð með frumvarpinu er rætt um að athygli hafi vakið að ekki sé almennt ráðningarbann í starfi með börnum og unglingum gagnvart þeim sem hlotið hafi dóm um ávana- og fíkniefni á síðustu fimm árum.

Um öflun upplýsinga úr sakaskrá í þessu samhengi gildir sú meginreglan að vinnslan verði að vera nauðsynleg, byggð á lögmætum hagsmunum þess sem upplýsingana aflar sem vegi auðsjáanlega þyngra heldur en grundvallarréttindi og frelsi viðkomandi starfsmanns.

Orðalag frumvarpsins, einkum þetta hér:

Hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins.

er fjarri því að uppfylla þá meginreglu. Hér er verið að færa stjórnanda eða þeim sem fer með ráðningarvald algerlega opna heimild sem meðvitað byggir á matskenndum þáttum.

Við setningu laga nr. 98/2019 var það grundvallarforsenda að hið opinbera myndi auka stuðning við faglegt ráðningarferli enda fluttist við setningu þeirra laga mikil ábyrgð á þá sem fara með ráðningarvald við að fylgja eftir markmiðum um hæfni kennara og stjórnenda í skólum. Þeirri hæfni sem liggur til grundvallar ráðningu og starfi kennara er lýst nákvæmlega, m.a. í viðmiðum sem kennararáð vinnur í samstarfi við ráðherra.

Sú breyting sem hér er lögð til er handahófskennd og óskýr og í beinni andstöðu við hugmyndafræði faglegs ráðningarferlis og þar með í andstöðu við grundvallarhugmyndafræði þeirra breytinga sem gerðar voru á lögum um menntun, hæfni og ráðningu kennara og stjórnenda. Það kann að vera að

rekstraraðilar skóla telji að óljósar, opnar og matskenndar heimildir til að koma í veg fyrir eða rjúfa ráðningarsamband auðveldi þeim að uppfylla skyldur sínar um öruggt starfsumhverfi en slíkar heimildir þurfa alltaf að afmarkast af meðalhófi og lögmæti. Þær þurfa einnig að vera markvissar og hnitmiðaðar til að taka á vel skilgreindum vanda.

Á Íslandi hefur hingað til verið fylgt þeirri stefnu að byggja skólastarf á faglegum grunni og byggja regluverk utan um skólana eftir því. Í alþjóðlegu samhengi er alls ekki alltaf svo. Víða um heim verða skólar vettvangur þeirra hugmyndafræðilegu átaka sem í samfélaginu finnast. Það er ævinlega rökstutt sem svo að fólk skuli hafa meira um skólana að segja en önnur fagsvið vegna þess að það hafi ríkulegri skyldur gagnvart börnum og ungmönnum en öðrum. Dæmi eru um að kennarar séu reknir eða þeim refsað fyrir að nota kennsluefni sem ekki er þóknanlegt hópum eða litlum samfélögum sem ginnkeypt eru fyrir afneitun vísindalegra staðreynda. Þá er atvinnubanni reglulega beitt vegna þátta sem eru atvinnu viðkomandi að engu leyti viðkomandi.

Stefnan um faglegt skólastarf er grunnstoð í íslensku samfélagi. Hún byggir á virðingu fyrir fólki, reglum og réttindum. Hún er í andstöðu við óljósar, opnar og matskenndar reglur.

Það frumvarp sem hér liggur fyrir felur í sér óboðlega lausn á vanda sem finna þarf betri, markvissari og faglegri lausnir á.

Kennarasamband Íslands leggst alfarið gegn samþykkt frumvarpsins að óbreyttum greinum 1.a., 2.a., 3.a., 4.a., 5.a., 6.a., 7.1., 8.a., 9.a. og 10.a.

Fyrir hönd Kennarasambands Íslands,


Ragnar Þór Pétursson, formaður

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík, 4. maí 2021
Tilvísun: 2021040888/GIÁ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á málefnasviði mennta- og menningarmála (öflun sakavottorðs).

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 15. apríl 2021 um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á málefnasviði mennta- og menningarmála (öflun sakavottorðs) (pskj. 1194, 715. mál á 151. löggjafarþingi).

Með frumvarpinu er tilteknum aðilum, svo sem leikskólum, grunnskólum og íþróttafélögum veitt heimild til að vinna með persónuupplýsingar um refsiverða háttsemi umsækjenda og starfsmanna í þeim tilgangi að auka öryggi viðkvæmra hópa í skóla-, íþrótt- og æskulýðsstarfi. Þá er lagt til bann við því að starfsfólk sömu aðila hafi hlotið dóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Persónuvernd gerir athugasemdir við eftirfarandi atriði:

1.

Í ákvæðum frumvarpsins segir að við ráðningu hjá þeim aðilum sem frumvarpið varðar skuli liggja fyrir sakavottorð eða heimild frá umsækjanda fyrir þann sem fer með ráðningarvald til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Auk þess segir að til að tryggja að starfsmenn uppfylli skilyrði til að gegna starfi sé heimilt fyrir þann sem fer með ráðningarvald að óska eftir endurnýjun á sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá reglulega, þó ekki oftari en einu sinni á ári. Heimilt er þó að afla framangreindra upplýsinga oftari ef fram koma upplýsingar sem gefa tilefni til þess.

Við alla vinnslu persónuupplýsinga skal gæta þess að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Með hliðsjón af framangreindu ákvæði er vakin athygli á að í greinargerð með frumvarpinu segir að meðal annars hafi verið höfð hliðsjón af vinnu starfshóps um upplýsingagjöf úr sakaskrá. Í skýrslu þeirri, um heimild stofnana og félagasamtaka er starfa með börnum til að afla upplýsinga úr sakaskrá, sem gefin var út af dómsmálaráðuneytinu í september 2020, segir meðal annars í 6. mgr. XIV. kafla að tryggja þurfi að ekki séu gefnar ítarlegri upplýsingar um sakaferil en þörf er á til að uppfylla kröfur laga. Einnig segir að ef einfalt já eða nei dugi, eða merking



Þess efnis að viðkomandi umsækjandi/sjálfbodaliði hafi staðist bakgrunnsskoðun ætti það að vera fullnægjandi og að ekki sé þörf á útgáfu sakavottorðs. Þá segir að eingöngu ætti að vera þörf á útgáfu sakavottorðs (fulls vottorðs) í tilviki barnaverndarlaga. **Ekki verður séð að hugað hafi verið að framangreindum sjónarmiðum um meðalhóf við vinnslu persónuupplýsinga við gerð frumvarpsins.**

Að mati Persónuverndar er æskilegt að frumvarpið verði yfirfarið með framangreind sjónarmið í huga og metið hvort vinnsla persónuupplýsinga sé umfram það sem nauðsynlegt er með hliðsjón af þeim tilgangi sem stefnt er að.

2.

Í fyrrnefndri skýrslu um heimild stofnana og félagasamtaka er starfa með börnum til að afla upplýsinga úr sakaskrá segir meðal annars í 5. mgr. XIV. kafla hennar að tryggja verði að ávallt liggi fyrir staðfesting á því að sá sem upplýsingarnar úr sakaskrá varði, hafi fengið fullnægjandi fræðslu um þá vinnslu persónuupplýsinga, sem fram fer hverju sinni, áður en þær eru gefnar.

Að mati Persónuverndar er æskilegt að ábyrgðaraðila verði gert að veita umsækjanda/sjálfbodaliða fræðslu um þá vinnslu persónuupplýsinga sem um ræðir. Að auki leggur Persónuvernd til að sú fræðsla verði ávallt skrifleg, eftir atvikum ásamt munnlegum skýringum.

Með vísan til framangreinds leggur Persónuvernd til eftirfarandi breytingu á ákvæðum frumvarpsins þannig að við hverja af 1.-10. gr. frumvarpsins bætist eftirfarandi málsgrein:

„[Viðkomandi stofnun eða félagasamtökum] ber að upplýsa málsaðila *skriflega* um fyrirhugaða upplýsingaöflun samkvæmt ákvæðinu í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679.“

3.

Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins. Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,


Vigdís Eva Línal


Gunnar Ingi Ágústsson



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 21. apríl 2021

2104044SA KB
Málalýkill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á málefnasviði MRN (öflun sakavottorða), mál nr. 715.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 15. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum á málefnasviði mennta- og menningarmála (öflun sakavottorðs), mál nr. 715.

Eins og segir í frumvarpinu er það liður í að auka öryggi viðkvæmra hópa í skóla-, íþrótt- og æskulýðsstörfum, þá helst barna og ungmenna. Með frumvarpinu er verið að samræma ákvæði um ráðningarbann í fjölda laga á sviði mennta- og menningarmálaráðuneytis. Kveðið er á um bann við ráðningu starfsfólks sem hlotið hefur refsíðir fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga (kynferðisbrotakafli). Þá kemur inn það nýmæli að hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, meðal annars að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins. Bannið tekur einnig til verktaka og undirverktaka sem ráðnir eru til að sinna verkefnum á grundvelli laganna. Til að framfylgja því banni skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá við ráðningu. Að auki er gert ráð fyrir því nýmæli að vinnuveitanda sé heimilt að kalla eftir þessum upplýsingum einu sinni á ári til að tryggja að starfsmenn uppfylli skilyrði fyrir starfi. Viðkomandi starfsmaður mun alltaf vera upplýstur um þessa upplýsingaöflun þar sem vinnuveitandi þarf að óska eftir að viðkomandi leggi fram sakavottorð á ný eða óska eftir heimild viðkomandi til að kalla eftir endurnýjun á sakavottorði.

Afstaða sambandsins

Líkt og fram kemur í frumvarpinu sendi sambandið erindi til mennta- og menningarmálaráðuneytisins þar sem gerð var tillaga um fyrrgreindar breytingar á lögum um leik- og grunnskóla. Málið er til komið vegna ábendinga um að bagalegt sé að vinnuveitendur þeirra aðila sem starfa með börnum geti ekki aflað upplýsinga úr sakaskrá nema við ráðningu. Þannig getur það komið til að starfsmenn brjóti af sér og fari á sakaskrá eftir ráðningu án þess að vinnuveitandi geti aflað upplýsinga um það.


Sambandið hefur komið með ábendingar við frumvarpið á vinnslustigum þess og hefur ráðuneytið brugðist við þeim með breytingum á frumvarpinu. Sambandið telur því ekki ástæðu til að gera efnislegar athugasemdir við frumvarpið en telur rétt að ítreka það sem fram kemur í greinargerð að mikilvægt er að ekki verði

breytingar á þeirri framkvæmd að sveitarfélög hafi ekki þurft að greiða sérstaklega fyrir staðfestingu frá Sakaskrá á því að sakarferill sé til staðar.

Með vísan til framangreinds er sambandið mjög fylgjandi frumvarpinu og styður að það verði samþykkt sem lög frá Alþingi.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Reykjavík, 29. apríl 2021

Skrifstofa Alþingis- nefndasvið
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á málefnasviði MRN (öflun sakavottorða), mál nr. 715.

UMFÍ er kröftugur málsvari öryggis og vellíðunar barna og ungmenna í skóla-, íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Öflun sakavottorða einstaklinga sem vinna með börnum og ungmennum er veigamikill þáttur í því að skapa aðstæður sem stuðla að því umhverfi. Eins og frumvarpið lítur út nú verða öll ákvæði um ráðningarbann í sérögum á sviði mennta- og menningarmálaráðuneytis samræmd og óheimilt að ráða þá til starfa sem hafa verið dæmdir fyrir kynferðisbrot auk annarra brota.

Þetta er framfaraskref enda mikilvægt að úrræði eins og þetta nái til allra þeirra sem vinna með börnum og ungmennum. Við verðum einfaldlega að setja börn og ungmenni í fyrsta sætið og leyfa þeim að njóta vafans frekar en starfsfólki sem sækist eftir að vinna með þeim.

Lykillinn að því að tryggja öryggi barna og ungmenna er aðgengi að upplýsingum, m.a. úr sakaskrár er varða bakgrunn starfsfólks, sjálfbóðaliða og allra annarra sem koma að starfi með börnum og ungmennum. Það einnig við um fagfólk og viðbragðsaðila sem vinna ekki með börnum að öllu jöfnu en komast þau í snertingu við þau í viðkvæmum aðstæðum.

UMFÍ aðstoðar aðildarfélögin

UMFÍ hefur aðstoðað aðildarfélög samtakanna við að fá sakavottorð umsækjenda hjá félögunum, starfsfólki og sjálfbóðaliðum. Ferlið er með þeim hætti að einstaklingar hjá félögunum veita UMFÍ heimild á þar til gerðum eyðublöðum til að kalla eftir upplýsingum hjá yfirvöldum. Eyðublöðin sendir UMFÍ til ríkissaksóknara sem hefur brugðist fljótt og vel við öllum óskum. Svörin sem berast innihalda hins vegar aðeins upplýsingar um hvort viðkomandi hafi brotið af sér eður ei, það er að segja með ekkert brot, eitt eða fleiri. Það eru einmitt þær upplýsingar sem félögin þurfa, ekki er nauðsynlegt að fá frekari útskýringar, annaðhvort uppfyllir viðkomandi þessar forsendur eða ekki.

Talsvert flækjustig er í þessu ferli. Hver einstaklingur þarf að veita heimild til upplýsingaöflunar á eitt eyðublað og getur farið svo að talsverðan tíma tekur að senda inn öll þau eyðublað sem þarf frá hverju félagi. Sérstaklega er þetta tímafrekt í félögum með marga starfsmenn, þjálfara og sjálfbóðaliða. Upp hafa komið tilvik þar sem ríkissaksóknari hefur neitað að veita upplýsingar úr sakaskrá viðkomandi einstaklings á þeim forsendum að heimildin sé orðin nokkurra mánaða gömul.

UMFÍ hefur áður bent á þetta flækjustig og ítrekar það hér.

Ef lög um öflun sakavottorða eiga að uppfylla markmið sín þá er mikilvægt að þau auðveldi forráðamönnum félaga að afla upplýsinga úr sakavottorðum á einfaldan hátt og skilvirkan hátt. UMFÍ ítrekar að þær leiðir sem farnar eru t.d. í Danmörku með rafrænu ferli séu ákjósanlegar. Þá hafa Norðmenn nýlega uppfært sínar reglur og ferla með það að leiðarljósi að auðveldara sé fyrir félögin að afla upplýsingana.

Með sama hætti leggur UMFÍ áherslu á að samtökin og aðildarfélög þeirra þurfi ekki að greiða fyrir öflun vottorðanna. UMFÍ hefur ekki þurft að greiða fyrir þjónustu ríkissaksóknara og leggur áherslu á að svo verði áfram.

Að sama skapi virðist sem frumvarpið setja ákvörðunarvaldið í hendur stjórnenda eða forráðamanna þeirra sem fyrirtækja sem fólk sækir um vinnu hjá eða starfar hjá hvort fletta beri upp í sakaskrá. Við hjá UMFÍ mælum með því að slíkt eigi að vera skilyrðislaus skylda við ráðningu starfsfólks að þau veiti stjórnanda heimild til að fletta upplýsingum um viðkomandi og beri honum að gera það.


Samræmum málið og klárum það

Málefni sakavottorða hefur velkst um í stjórnarkerfinu í lengri tíma eða í meira en í þau sex ár sem liðin eru síðan undirrituð hóf störf hjá UMFÍ. Fá en góð skref hafa verið stigin á þeim árum. Sömuleiðis hefur verið rætt víða um breytt og aukið aðgengi að öflun sakavottorða í því skyni að auka öryggi barna og ungmenna í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi.

Nú er kominn tími til aðgerða.

Við hjá UMFÍ bendum jafnframt á mikilvægi samræmingar í þessum málaflokki og fögnum því að það standi til því það á ekki að skipta máli hvar í kerfinu er starfað með börnum, sömu kröfur og væntingar eiga að vera gerðar til aðila.

f.h. Ungmennafélags Íslands



Auður Inga Þorsteinsdóttir,
framkvæmdastjóri UMFÍ